

Nd.

83. Frumvarp til laga

um félagheimili.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Félagheimili, sem lög þessi ná til, eru samkomuhús þau, er ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög og önnur menningarfélög í sveitum og kaupstöðum, sem almenningi standa opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar starfsemi sinnar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{1}{3}$ hluta byggingarkostnaðar félagheimila og eins, hvort sem eitt þeirra féлага, er um getur í 1. gr., stendur að slíku húsi eða tvö eða fleiri saman. Ekki skal styrkur greiddur samkvæmt lögum þessum nema til byggingar eins félagheimilis innan sama bæjar- eða sveitarfélags, á meðan ekki er fullnægt þörfum annarra bæjar- eða sveitarfélaga með slíkt hús.

Nú hefur félagheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og skal þá styrkur samkvæmt þeim eigi nema meiru en því, sem á vantar, að byggingarstyrkur frá ríkinu nemi samtals $\frac{1}{3}$ byggingarkostnaðar.

3. gr.

Ef bæjar- eða sveitarfélag hefur forgöngu um byggingu félagheimilis á sínu félagssvæði, skal það njóta sams konar stuðnings og önnur félagheimili samkv. lögum þessum, enda standi þá húsið til frjálsra afnota menningarstarfsemi, er um getur í 1. gr.

Áskilji bæjar- eða sveitarfélag sér að nota húsið einnig til sinnar starfsemi að meira eða minna leyti, skal draga frá kostnaðarverði þess hæfilegan hluta að dómi fræðslumálastjórnar, áður en byggingarstyrkur er reiknaður, vegna afnota sveitar- eða bæjarfélags af húsinu.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem tekin eru vegna félagheimila samkvæmt lögum þessum, enda fái þá ríkissjóður jafnframt tryggingu í húsinu með 1. veðrétti. Lán þessi mega nema allt að $\frac{1}{3}$ byggingarkostnaðar.

5. gr.

Óheimilt er að veðsetja félagheimili, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni eða vegna ábyrgðar ríkissjóðs til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á húseigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en $\frac{1}{3}$ hluta byggingarkostnaðar eða $\frac{1}{2}$ endurbótakostnaðarins.

6. gr.

Gera má það að skilyrði fyrir stuðningi ríkisins við stofnun félagheimilis samkvæmt lögum þessum, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag sjái því fyrir viðunandi byggingarlóð.

7. gr.

Félagheimili, sem njóta styrks úr ríkissjóði, skulu reist eftir uppdrætti, er íþróttanefnd samþykkir. Skal stærð hvernar byggingar og gerð, að dómi íþróttanefndar, vera við hæfi þeirrar byggðar, þar sem hún er reist.

Unsóknir um styrki til félagheimila skal senda íþróttanefnd, er gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um fjárframlög til þeirra og hefur eftirlit með framkvæmdum.

8. gr.

Nú óskar félag eða félög, sem um getur í fyrstu grein, en ekki hafa staðið að byggingu eða stofnun félagheimilis, að fá ítök í eða afnot af félagheimili í sveitar- eða bæjarfélaginu. Skal þá eiganda eða eigendum félagheimilis skylt að láta þeim í té hlutdeild í heimilinu til eignar eða afnota, ef eigandi kys það heldur. Skulu þá hinir nýju þátttakendur greiða nokkurn hluta byggingarkostnaðar eða leigu. Rísi ágreiningur um greiðsluna, sker fræðslumálastjórn úr.

9. gr.

Óheimilt er að selja félagheimili, sem styrkt eru úr ríkissjóði, nema íþróttanefnd og fræðslumálastjórn samþykki. Ef sala fer fram, skal endurgreiða framlag ríkissjóðs.

10. gr.

Leggist eitt eða fleiri félög niður, sem staðið hafa að byggingu félagheimilis, tekur það eða þau félög, sem starfa áfram, á sig allar skyldur vegna eignarinnar.

Leggist öll félög niður, sem hlut eiga að máli, skal stjórn þess hrepps eða bæjar, sem húsið er í, gefinn kostur á að taka við stjórn og rekstri þess.

Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagheimili til rekstrar, og skal fræðslumálastjórn þá skipa þriggja manna nefnd, er kveður á um, hvernig ráðstafa skuli eigninni. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum þeirra, er síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefnd þessi getur ákveðið að láta fara fram sölu á húsinu til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks ríkisins.

11. gr.

Hvert félagheimili, sem reist er samkvæmt lögum þessum, skal reka sem sjálfstæða stofnun, og skal því sett sérstök skipulagsskrá.

12. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal veita stuðning samkvæmt þeim félagheimilum, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1942, enda séu þau styrkhæf að dómi íþróttanefndar.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur margháttuð félagsstarfsemi færzt mjög í vöxt hér á landi, auk þess sem sveitar- og bæjarfélög eru fastir hlekkir í þjóðfélagskeðjunni. Þótt ungmennafélög, íþróttafélög, skátafélög, kvenfélög og önnur slík séu af öðrum rötum runnin, hafa þau náð mikilli útbreiðslu í landinu, enda leikur það ekki á tveim tungum, að þau hafa stóru hlutverki að gegna í uppeldismálum og menningarbaráttu þjóðarinnar. En til þess að slík félög geti þrífzt og rækt það hlutverk, sem þau hafa sett sér að markmiði, þurfa þau að njóta sæmilegra starfskilyrða. Því fjölpættari sem félagsstarfsemin er, því meiri þörf er á, að í hverri byggð risi upp vandað félagheimili, sniðið við þarfir og fólksfjölda á hverjum stað.

Æskufólkið þráir félagslíf. Eitt af því, sem lokkar það úr sveitum og til kaupstaða, er von um auðfengnar skemmtanir í þéttbýlinu. Bygging félagheimila er því nauðsynlegur þáttur í umbótastarfi sveitanna. Í þéttbýlinu er þó sízt minni þörf fyrir slíkar byggingar. Þar er svigrúmið minna og vinnan einhæfari en við hin fjölbreyttu framleiðslustörf sveitanna. Ef þar eru ekki skilyrði til að halda uppi heilbrigðu og þróttmiklu félagslífi, verða skemmtanirnar menningarsnaut hringl, mótað af þeim háttum, sem götulífið skapar.

Fyrstu samkomuhúsin, sem byggð voru á við og dreif í landinu, munu hafa verið reist upp úr síðustu aldamótum. Munu félög templara allviða hafa riðið á vaðið í þeim eignum. Þegar skammt var liðið á öldina, hófu ungmennafélögin göngu sína hér á landi með miklum þrótti. Eitt af viðfangsefnum þeirra var að stuðla að því, að reist væru samkomuhús í mörgum byggðarlögum. Þótt þessi hús bættu úr brýnni þörf, voru þau yfirleitt af vanefnum ger og eru nú flest orðin fornfáleg og ófullnægjandi.

Þegar hafizt var handa um að reisa heimavistarskóla í sveitum, var það álit margra, að með því mætti sameina það tvennt að koma upp skóla- og samkomuhúsi fyrir það byggðarlag, er að byggingunni stæði. Reynslan hefur nú skorið úr því ótvírætt, að þetta getur aðeins farið saman á stöðum, þar sem fámenn er og gestastraumur takmarkaður. Þétt fundahöld í húsakynnum skólanna trufla starfsemi þeirra, valda átroðningi og erfiði við að halda húsunum hreinum, sem starfsfólki skólanna er örðugt að rísa undir.

Það er og algengt, enda er skólalöggjöfin að miklu leyti við það miðuð, að tveir eða fleiri hreppar sameinist um skóla. Liggur í augum uppi, að þeir hreppar, sem engan skóla hafa innan sinna vébanda, geta ekki án þess verið að eiga félagheimili vegna fundahalda og mannfagnaðar. Með þessu frv. er lagt til, að þetta menningarmál verði stutt af þjóðfélagsins hálfu á þann hátt, að ríkissjóður greiði þriðja hlutann af byggingarkostnaði félagheimila, ef fullnægt er settum skilyrðum, og greiði fyrir því, að aðilar, er að slíkum framkvæmdum standa, geti fengið hagkvæm lán fyrir allt að þriðjungu stofnkostnaðar.

Af hálfu ýmissa félagasambanda í landinu hafa verið samþykktar áskoranir til Alþingis um að leysa þetta mál. Það sýnir, að þess er beðið með nokkurri óþreyju víða um land, að Alþingi líti á þá nauðsyn, sem fyrir hendi er í þessu efni, og afgreiði lög um þetta menningarmál.